

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Akraneshafnar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, þann 8. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar. Í breytingunni felst að mörkum skipulagssvæðisins er breytt á þann veg að lóðin Faxabraut 10 og Sementsbryggja eru utan hafnarsvæðisins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Sementsreits.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 8. ágúst 2017 deiliskipulag Sementsreits. Deiliskipulagið felur í sér að svæðið verði fyrir íbúðabyggð og miðbæjarstarfsemi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 2. áfangi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 12. desember 2017 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga. Breyting er gerð á 4. kafla, grein 4.1.1., 1. mgr. í skipulags- og byggingarskilmálum skipulagsins. Í breytingunni felst að t.d. svalir og útbýggingar á fjölbýlishúsum mega ná út fyrir byggingarreit.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 21. desember 2017.

Hafdís Sigurþórsdóttir,
fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs.